

Breyting á leikskýrslu

Eftir að útfyllingu leikskýrslu er lokið, hún verði undirrituð af tilskildum aðilum og skilað til dómarans og leikur ekki hafinn, gilda eftirfarandi fyrirmæli um breytingar á henni.

Breyting á byrjunarliði

Ef einhver byrjunarliðsmanna getur ekki leikið vegna óvæntra meiðsla/veikinda gildir eftirfarandi:

1. Strikað er yfir nafn leikmannsins á leikskýrslunni.
2. Einhver af áður skráðum varamönnum tekur sæti hans í byrjunarliðinu og ör dregin á leikskýrsluna sem sýnir hvaða varamaður kemur í byrjunarliðið.
3. Í stað varamannsins kemur svo leikmaður sem ekki var áður skráður á upphaflegu leikskýrsluna.
4. Leikmaðurinn sem ekki gat byrjað leikinn má ekki sitja á varamannabekk liðsins í leiknum.

Breyting á varamönnum

Ef einhver varamanna getur ekki leikið vegna óvæntra meiðsla/veikinda gildir eftirfarandi:

1. Strikað er yfir nafn varamannsins á leikskýrslunni.
2. Í stað varamannsins kemur svo leikmaður sem ekki var skráður á upphaflegu leikskýrsluna.
3. Varamaðurinn sem ekki gat leikið má ekki sitja á varamannabekk liðsins í leiknum.

Breyting á markmönnum

Ef enginn þeirra markmanna sem skráðir voru á leikskýrsluna getur ekki leikið vegna óvæntra meiðsla/veikinda gildir eftirfarandi:

1. Strikað er yfir nafn markmannanna á leikskýrslunni.
2. Nýir markmenn eru skráðir á skýrsluna þannig að ljóst sé hver komi í stað hvers.
3. Markmennirnir sem reyndust ófærir um að leika mega ekki sitja á varamannabekk liðsins í leiknum.

Almennt í ofangreindum tilvikum

1. Liðið getur áfram haft jafnmarga varamenn og reglugerð um viðkomandi knattspyrnumót segir til um.
2. Áfram er hægt að gera jafnmargar skiptingar og reglugerð um viðkomandi knattspyrnumót segir til um.
3. Nauðsynlegt er að upplýsa eftirlitsmann og aðra hlutaðeigandi um breytinguna.